

Sp.

59. Tillaga til þingsályktunar

[56. mál]

um rækju- og skelfiskleit fyrir Norðurlandi.

Flm.: Gunnar Gíslason, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að láta fara fram skipulega leit að rækju- og skelfiskmiðum fyrir Norðurlandi.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur öðru hverju verið leitað að rækju og skelfiski fyrir Norðurlandi. Sú leit hefur þó verið skipulagslítill og ekki farið fram með reglubundnum hætti. Stundum hefur verið leitað tvær, þrjár vikur á einstöku svæði, en aldrei hefur verið leitað yfir langt tímabil né heldur hefur leitin verið skipulögð þannig, að hún næði yfir nokkur ár. Þó hafa þessar tilraunir til leitar borið þann árangur, að verulegar líkur benda til, að mikið magn af rækju og skelfiski sé fyrir Norðurlandi.

Þegar í kringum 1930 benti Árni Friðriksson á, að mikið magn af rækju og skelfiski mundi vera fyrir Norðurlandi. Engu að síður hefur lítt verið unnið að könnun þessara miða allan þann tíma, en augljóst er, að nú er tímabært að hefja skipulega leit að þessum náttúruauðæfum og vinna að hagnýtingu þeirra.

Enda þótt Hafrannsóknastofnunin hafi á undanförunum árum unnið mikið og gott starf, er hitt ljóst, að betur þarf að skipuleggja starfsemi hennar og leit að nýjum fiskimiðum, og hagnýtingu þeirra miða, sem þegar eru þekkt, þarf að efla.

Þær skipulögðu rannsóknir, sem hér er lagt til að fram fari, miða að því að Hafrannsóknastofnunin geri áætlun til langs tíma. Einnig er nauðsynlegt, að stofnunin framkvæmi rannsóknir, sem byggja má á niðurstöður um stofnstærð og veiðipól. Á niðurstöðum þessara athugana má taka raunhæfar ákvarðanir um fjölda báta og þá sókn, sem beita má við veiðarnar. Jafnframt þessu verður að leggja fram kostnaðaráætlun, sem miðast við mismunandi aðstæður, t. d. skipakost og mannafla, til nægilega langs tíma, þ. e. til þess tíma, sem þarf til að athuga aldursdreifingu, vaxtarhraða, vaxtarmöguleika og almennt veiðipól stofnsins.